

Föstudaginn 4. febrúar 1949.

Nr. 155/1948. **Valdstjórnin** (Gunnar J. Möller)
gegn

Ágústi Steindórssyni (Kristján Guðlaugsson).

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson
í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Ölvun við bifreiðarakstur.

Dómur Hæstaréttar.

Sýnishorn af blóði kærða sýndi efni, sem samsvara 1,58% áfengis. Brot kærða, sem rakin eru í héraðsdómi, eru réttilega færð til refsíákvæða, en auk þess hefur hann brotið 3. mgr. 14. gr. bifreiðalaganna, nr. 23/1941, með því að hafa of marga farþega í stýrishúsi bifreiðarinnar. Þykir bera að staðfesta héraðsdóminn, þó svo, að kærði verði sviptur ökuleyfi bifreiðarstjóra 6 mánuði.

Kærði greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, 400 krónur til hvors.

Dómsorð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að kærði, Ágúst Steindórsson, skal sviptur ökuleyfi 6 mánuði.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Gunnars J. Möllers og Kristjáns Guðlaugssonar, 400 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 3. marz 1948.

Ár 1948, miðvikudaginn 3. marz, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakaðómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1225/1948: Valdstjórnin gegn Ágústi Steindórssyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms sama dag, er höfðað gegn kærðum

fyrir brot gegn áfengislögum, nr. 33 9. janúar 1935; bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930.

Kærður er Ágúst Steindórsson bifreiðarstjóri, Ljósvallagötu 16 hér í bæ. Hann er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 6. september 1925. Hann hefur einu sinni undirgengizt 150 króna sekt fyrir brot gegn bifreiðalögum, áfengislögum og lögreglusamþykkt, en ekki sætt kærur né refsingum að öðru leyti.

Málavextir eru sem nú skal greina:

Klukkan 1 aðfaranótt miðvikudagsins 27. ágúst f. á. voru lögregluþjónarnir Indriði Aðalsteinn Jóhannsson og Sigurður Sigurðsson á varðgöngu í Tryggvagötu. Veittu þeir því þá athygli, að bifreiðin R. 4342 var sett í gang og ekið af stað. Þeir sáu, að einungis annað framljósið logaði, og gaf Indriði Aðalsteinn bifreiðarstjóranum stöðvunarmerki, og nam bifreiðin staðar í sömu svifum.

Kærður var við stýri bifreiðarinnar, en í stýrishúsi hjá honum voru þrír menn, Árni Eyvindsson, Valgarð Runólfsson og Ólafur Þórarinn Ingvarsson, Skipasundi 18. Með því að kærður virtist ölvaður, var hann færður ásamt félögum sínum á lögreglustöðina. Var síðan tekið blóð-sýnishorn úr kærðum.

Kærður hefur við rannsókn málsins játað, að hann hafi ekið bifreið sinni, svo sem að framan segir, og að hann hafi verið undir áhrifum áfengis. Kveðst hann umrætt kvöld hafa setið inni á veitingastofunni Hvoli ásamt nefndum Árna og Valgarð. Höfðu þeir haft með sér brennivín, og neyttu þeir þess inni á veitingastofunni. Nokkru eftir að þeir fóru þaðan, hittu þeir Ólaf Ingvarsson, og slóst hann í för með þeim. Kærður hefur við rannsókn málsins haldið því eindregið fram, að hann hafi stöðvað bifreiðina af sjálfsdáðum, og hefði hann fyrir fram verið ákveðinn í að aka ekki lengra. Kveðst hann hafa verið að tala um það við félagi sína, að hann ætlaði að selja bifreiðina, og hafa ætlað að lofa þeim að „heyra hljóðið í vélinni“. Kærður hélt þessu fram þegar í viðtali sínu við lögregluvarðstjóran.

Lögregluþjónum þeim, sem handtóku kærðan, lögregluvarðstjóranum Magnúsi Sigurðssyni og nefndum Ólafi Þórarni Ingvarssyni, sem allir hafa mætt sem vitni í málinu, ber saman um, að kærður hafi borið nokkur merki ölvunar. Ekki hefur náðst til þeirra Valgarðs Runólfssonar né Árna Eyvindssonar. Voru þó gerðar margar tilraunir til að ná til þeirra, og varð af því nokkur dráttur á rannsókn málsins.

Eftir því, sem nú hefur verið greint, þykir kærður hafa gerzt sekur um að aka bifreið undir áhrifum áfengis, og hefur hann þannig gerzt brotlegur við 21. sbr. 39. gr. áfengislaga, nr. 33 9. janúar 1935, og 1. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941. Þar sem bifreið hans var ekki með lögboðnum ljósum við aksturinn, hefur kærður einnig brotið 7. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 43. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, nr. 2 7. janúar 1930. Loks hefur kærður með því að neyta áfengis á veitingastað brotið 1. mgr. 17. sbr. 1. mgr. 37. gr. áfengislaga. Refsing

kærðs þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Þá ber sky. 21. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga að svipta kærðan bifreiðarstjóraréttindum, og þykir hæfilegt að svipta hann þeim í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa með tilliti til þess, að brot kærðs er smávægilegt.

Áfengislagabrot Valgarðs Runólfssonar og Árna Eyvindssonar verða afgreidd sérstaklega.

Fyrir drætti þeim, sem varð á rannsókn málsins, er grein gerð hér að framan.

Málið hefur verið rekið vítalaut.

Dómsorð:

Kærður, Ágúst Steindórsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Kærður er sviptur ökuleyfi bifreiðarstjóra í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. febrúar 1949.

Nr. 119/1947. **Jón Magnússon** (Eggert Claessen)
gegn

Ingólfi Guðmundssyni (Gunnar J. Möller).

Þóknun fyrir milligöngu um sölu fasteignar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. okt. 1947, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 3400.00 með 6% ársvöxtum frá 28. febrúar 1945 til greiðsludags, málskostnað í héraði að skaðlausu svo og málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi hefur ekki fært nægar sönnur á það, að stefndi